

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Galtalækjarskógur, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Breytingin varðar eingöngu frístundasvæði F43 og F82 og eftirfarandi: Hluti götunnar Krakalundur fær breytta lögun; Einstaka lóðarnúmer breytast að sama skapi og lóðarstærðir um fáeina m²; Settur er snúningshaus á götuenda; Í greinargerð breytist tafla 1.1 til samræmis við breyttan uppdrátt. Mörk deiliskipulags, fjöldi lóða, nýtingarhlutfall og byggingarmagn helst óbreytt. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 27. maí 2026.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 10. júní 2026